



Öndunarfærasýkingar


Vika 9

27. febrúar – 5. mars 2023


Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir

Inflúensa

Færri greindust með staðfesta inflúensu í viku 9 samanborið við undangengnar þrjár vikur (Mynd 1). Í heild greindust 38 með staðfesta inflúensu í viku 9, þar af 34 með inflúensustofn B, þrjár með inflúensustofn A(H1) pdm09 og einn með stofn A(H3) (Mynd 2). Þannig er inflúensustofn B meirihluti greindra inflúensutilfella nú eins og undangengnar vikur.




Mynd 1. Fjöldi með staðfesta inflúensu eftir vikum í vetur samanborið við meðaltal síðustu fimm flensutímabila (frá hausti 2016). Athuga skal að veturinn 2020-2021 er ekki inni í meðaltali en þá greindist ekkert tilfelli af inflúensu.




Mynd 2. Fjöldi með staðfesta inflúensu eftir vikum og stofnum á núverandi flensutímabili.

Hlutfallslega flestir greinast í aldurshópnum 0–4 ára og 65 ára og eldri, líkt og fyrri inflúensutímabil (Mynd 3).



Mynd 3. Tíðni staðfestar inflúensu eftir aldri. Veturinn 2022-2023 til og með 7. mars 2023.


Klínískar greiningar inflúensulíkra einkenna eru sambærilegar milli vikna (Mynd 4).



Mynd 4. Vikulegur fjöldi með inflúensulík einkenni samanborið við meðalfjölda flensutímabila 2015-2022 að undanskildum vetrinum 2020-2021.


COVID-19 (SARS-CoV-2 veira)

Færri greindust með COVID-19 í viku 9 samanborið við undangengnar fimm vikur. Fjöldi sýna í viku 9 var minni en undanfarnar vikur, 333 sýni, en frá upphafi ársins 2023 hefur vikulegur fjöldi sýna verið að meðaltali 466. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hefur hætt miðlægrri einkennasýnatöku vegna COVID-19 í Mjódd og á það sama við um heilbrigðisstofnanir úti á landi. Má því ætla að fjöldi sýna fari áfram fækkandi. Hlutfall jákvæðra sýna í viku 9 var þó svipað og verið hefur undanfarnar vikur (Mynd 5).



Mynd 5. Fjöldi COVID-19 greininga og hlutfall jákvæðra af heildarfjölda sýna veturinn 2022-2023.


Nýjstu gögn um raðgreiningar á SARS-CoV-2 (vika 7) sýna að flest raðgreind sýni voru af afbrigðum sem rekja má til Omicron afbrigðisins BA.2. Þar af eru undirafbrigðin XBB.1.5, CH.1.1 og DV.1 í meirihluta. Afbrigðið XBB.1.5, sem var um helmingur sýna í viku 6, var tæpur þriðjungur í viku 7. Veirufræðideild Landspítala safnar saman og raðgreinir SARS-CoV-2 sýni aðra hvora viku um þessar mundir.



Mynd 6. Raðgreiningar SARS-CoV-2 á Íslandi. Sjá á covid.is.


Skarlatssótt

Í [samantekt fyrir viku 8](#) var fjallað ítarlega um streptakokka af grúppu A (GAS). Klínískar greiningar á [skarlatssótt](#) voru færri í viku 9 samanborið við undangengnar tvær vikur (Mynd 7) og vonandi fer sýkingum af völdum GAS áfram fækkandi.



Mynd 7. Vikulegar greiningar á skarlatssótt í ár og í fyrra samanborið við meðalfjölda greininga árin 2017-2021.


Það sem af er árinu 2023 hafa hlutfallslega flestar greiningar skarlatssóttar verið meðal ungra barna, fimm ára og yngri, en næstflestar hjá 6–15 ára (Mynd 8). Í [samantekt fyrir viku 8](#) var sýnt hvernig aldersdreifing skarlatssóttar hefur verið undanfarin ár.



Mynd 8. Tíðni skarlatssóttar eftir aldri það sem af er árinu 2023.


Hálsbólga

Fjöldi klínískra hálsbólgu greininga jókst milli vikna en yfir 1.800 greiningar voru gerðar í viku 9 (Mynd 9).



Mynd 9. Vikulegar greiningar á hálsbólgu í ár og í fyrra samanborið við meðalfjölda greininga árin 2017-2021.


Líkt og í tilfalli skarlatssóttar er tíðni hálsbólgu hæst í yngstu aldurshópnum, þó er aldursdreifingin jafnari fyrir hálsbólgu en skarlatssótt (Mynd 10). Í [samantekt fyrir viku 8](#) var sýnt hvernig aldursdreifing hálsbólgu hefur verið undanfarin ár.



Mynd 10. Tíðni hálsbólgu eftir aldri það sem af er árinu 2023.

RSV og aðrar öndunarferasýkingar


Í viku 9 greindust 10 með RS-veiru (RSV), sami fjöldi og í viku 8. Þar af var eitt barn undir eins árs. Af öðrum veirum en ofanefnt greindust flestir með Rhinoveiru eða kórónuveiru (Mynd 11). Frekari upplýsingar má nálgast á [vef sýkla- og veirufræðideildar Landspítala](#).



Mynd 11. Öndunarferaveirur greindar í viku 9 árið 2023.

Innlagnir á Landspítala

Innlögnum á Landspítala vegna COVID-19, inflúensu og RSV hefur fækkað undanfarið en í viku 9 lögðust fjórir inn með eða vegna COVID-19, tveir með inflúensu og tveir með RSV (Mynd 12).



Mynd 12. Vikulegur fjöldi innlagna á Landspítala veturinn 2022-2023 vegna COVID-19, inflúensu og RSV.

Samantekt

Færri greindust með staðfesta inflúensu í viku 9 samanborið við undangengnar þrjár vikur. Fjöldi greininga inflúensulíkra einkenna eru sambærilegar milli vikna. Færri greindust með COVID-19 í viku 9 samanborið við undangengnar fimm vikur. Sýnatökum vegna COVID-19 hefur fækkað. Færri greindust með skarlatssótt, en fleiri með hálsbólgu. Innlögnum á Landspítala vegna COVID-19, inflúensu og RSV hefur fækkað.

Sóttvarnir

Full ástæða er til að sinna sóttvörnum til að draga úr líkum á að smitast og að smita aðra.

Við minnum alla á að:

- Fylgja tilmælum um bólusetningu.
- Halda sig til hlés í veikindum.
- Forðast umgengni við ung börn og aðra viðkvæma ef með einkenni.
- Hylja nef og munn við hósta og hnerra.
- Sinna viðeigandi handþvotti.
- Nota grímu við ákveðnar aðstæður eins og á heilbrigðisstofnunum þ.m.t. biðstofum.
- Lofta út.
- Forðast fjölmenni og halda fjarlægð eins og hægt er.

